

**Sp.**

**501. Tillaga til þingsályktunar**

[206. mál]

um biskupssetur í Skálholti.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Ágúst Þorvaldsson, Sigurður Ó. Ólafsson,  
Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara í samráði við biskupinn yfir Íslandi nauðsynlegan undirbúning að flutningi biskupsseturs að Skálholti, að lokinni þeirri uppbyggingu staðarins, sem nú stendur yfir.

**Greinargerð.**

Hið forna biskupssetur, Skálholt í Biskupstungum, hefur nú verið endurreist með byggingu nýrrar og reisulegrar dómkirkju, ásamt myndarlegum íbúðarhúsum. Land staðarins hefur verið ræktað, gömul og hrörleg hús rifin og nýr vegur lagður heim á staðinn. Um þessar framkvæmdir hefur almenningur í landinu og ríkisvaldið sameinast. Um allt Ísland hefur ríkt almennur áhugi fyrir endurreisn Skálholts úr langri og niðurlægjandi niðurníðslu. Í Skálholti var biskupssetur, frá því er biskupsdæmi var fyrst sett hér á stofn 1056 fram undir aldamótin 1800, er biskupsstóllinn var fluttur til Reykjavíkur, þegar ófrelsi og fátækt svarf sem fastast að íslenzku þjóðinni.

Það virðist nú tímabært að gera sér ljóst, hvort ekki sé rétt að fá biskupnum yfir Íslandi að nýju búsetu í Skálholti, sögufrægasta staðnum í kirkjusögu þjóðarinnar. Staðurinn hefur verið endurreistur og húsaður þannig, að hann getur innan fárra ára tekið við æðsta kirkjuhöfðingja þjóðarinnar til búsetu. Samgöngur við staðinn eru svo góðar, að þangað er aðeins 1½ klst. ferð frá Reykjavík. Símasamband við staðinn er einnig öruggt. Biskup Íslands gæti því auðveldlega unnið þar öll störf sín í þágu kirkjunnar og embættis síns. Ýmis umboðsstörf, sem biskup og skrifstofa hans vinna nú, væri sjálfsagt að fela kirkjumálaráðuneytinu. Auk þess mundi biskup eins og áður hafa skrifstofu áfram í höfuðborginni.

Raddir hafa verið uppi um það undanfarið, að nauðsynlegt sé, að biskupar séu tveir. Hefur þá jafnframt verið rætt um, að annar þeirra hafi búsetu á Hólum í Hjaltadal, hinu forna biskupssetri Norðlendinga.

Mjög líklegt er, að þegar þjóðinni hefur fjölgað verulega, verði talið nauðsynlegt að hafa biskupana tvo. Mundi þá einnig eðlilegt, að biskup sæti á Hólum. En um sinn virðist nægilegt, að einn aðalbiskup sé yfir Íslandi og tveir vígslubiskupar, eins og nú er.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja einnig koma til greina, að þjóðaratkvæðagreiðsla verði látin fara fram um það, hvar biskupssetur eigi að vera. Virðist sanngjarnt, að þjóðin ákveði það með almennri atkvæðagreiðslu. Það er skoðun flutningsmanna, að vel fari á því, að æðsti kirkjuhöfðingi þjóðarinnar sé búsettur á hinu forna biskupssetri. Með slíkri ráðstöfun væru tengslin á ný treyst milli fortíðar og nútíðar, forn arfleifð sögu og hefðar hafin til nýs vegs og virðingar. Biskupsembættið fengi nýjan og traustari grundvöll í skjóli minninga merkilegrar sögu Skálholtsstaðar. Þjóðlegasta og elzta embætti landsins fengi nýtt gildi og aukið sjálfstæði í hugum Íslendinga.